



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 9. febrúar, 2011

Ákvörðun nr. 6/2011

### **Samruni NBI hf. og Avant hf.**

#### **I.**

##### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi dags. 2. desember 2010 tilkynnti NBI hf. (hér eftir NBI) um kaup bankans á Avant hf. (hér eftir Avant). Samrunatilkynningin var útbúin í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir ýmsum gögnum frá samrunaaðilum og keppinautum þeirra með bréfum, dags. 16. desember sl. Bárust síðustu svörin við fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins í fyrri hluta janúarmánaðar sl. Jafnframt hefur Samkeppniseftirlitið átt fundi með samrunaaðilum og aflað annarra gagna. Eftir því sem við á verður vísað til þeirra hér á eftir.

#### **II.**

##### **Niðurstaða**

Samkeppniseftirlitið hefur á undanförnum misserum fjallað töluvert um yfirtöku banka á ýmsum atvinnufyrirtækjum. Nýjasta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem hér um ræðir er ákvörðun nr. 5/2011 *Yfirtaka NBI hf. á Björgun ehf.* Sá samruni sem hér er fjallað um er ólíkur þeim að því leyti til að hið yfirtekna félag starfar á sama markaði og yfirtökufélagið.

##### **1. Samruninn**

Samkvæmt samrunaskrá eignast NBI 99% hlutafjár í Avant. Mun 1% hlutafjárins verða í eigu Avant. Þetta er niðurstaða nauðasamninga. Með því er ljóst að NBI hefur rétt yfir Avant sem gerir NBI kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur þess en NBI og Avant voru áður keppinautar á bílalánamarkaði. Er því um samruna að ræða í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Fram kemur í samrunaskrá að NBI sé fjármálafyrirtæki sem starfi skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en viðskiptabankapjónusta er kjarnastarfsemi. Samkvæmt samrunaskrá eru meginsvið bankans viðskiptabanki, fyrirtækjabanki, markaðir og fjárstýring, eignastýring, endurskipulagning eigna, áhættustýring og fjármál og þróun.



Avant er eignaleigufyriræki og nýtur starfsleyfis sem slíkt skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Starfsemi Avant hefur falist í þjónustu á sviði fjármögnunar öku- og atvinnutækja til einstaklinga og lögaðila. Fram kemur í samrunaskrá að Avant hafi hætt að veita ný lán til bifreiðakaupa eða kaupa á öðru lausafé í september 2008. Hefur Avant veitt lán við sölu fullnustueigna félagsins.

Þann 13. júlí 2010 skipaði Fjármálaeftirlitið Avant bráðabirgðastjórn, sbr. frétt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. gr. laga nr. 44/2009, getur stjórn fjármálafyrirtækis, sem á í þeim fjárhags- og rekstrarerfiðleikum að líkur séu til að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar eða uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár, leitað eftir því við Fjármálaeftirlitið að það taki við ráðum yfir fyrirtækinu. Við þær aðstæður getur Fjármálaeftirlitið skipað fjármálafyrirtækinu bráðabirgðastjórn.

Fram kemur í samrunaskrá að SP-fjármögnun hf. sé í eigu NBI en félagið starfar á sama markaði og Avant hefur starfað á. Starfar SP-fjármögnun hf. á sviði tækjafjármögnunar og bílafjármögnunar fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkeppniseftirlitið fjallaði um Avant í ákvörðun nr. 13/2009, *Samruni Glitnis banka hf. og Moderna Finance AB*. Laut það mál að yfirtöku Glitnis banka hf. sem hefur yfiráð yfir Íslandsbanka hf., keppinaut NBI, á móðurfélagi Avant.

## **2. Markaðurinn**

Í samrunaskrá kemur fram að mögulegt sé að líta á markaðinn fyrir bílalán sem sérstakan markað. Á þeim markaði starfi þá skv. samrunaskrá auk samrunaaðila Lýsing hf., Íslandsbanki hf., og Tryggingamiðstöðin hf. Er í samrunaskrá ekki gerður greinarmunur á einstaklingum og fyrirtækjum þar sem ekki eru taldar forsendur til þess. Telja samrunaaðilar að Ísland sé sá landfræðilegi markaður sem máli skiptir í þessu máli. Fullyrða samrunaaðilar að Lýsing sé langstærst á þessum markaði miðað við þær upplýsingar um heildarútlán sem birtast í ársreikningum.

Telja samrunaaðilar að samruninn muni ekki hafa teljandi áhrif á markaðinn fyrir bílalán þar sem Avant hefur ekki veitt ný útlán og fyriséð er að ekki verða breytingar þar á við samrunann. Þá telja samrunaaðilar að samanlögð stærð Avant, NBI og SP-fjármögnunar á markaðnum fyrir veitingu bílalána sé ekki slík að samruninn skapi samkeppnisleg vandkvæði. Þá telja samrunaaðilar að jafnvel þó að ekki yrði fallist á þessi sjónarmið þá beri að heimila samrunann á grundvelli þess að Avant er fyrirtæki á fallandi fæti (e. failing firm defence).

Í máli þessu koma til greina nokkrar mismunandi skilgreiningar á þeim markaði hvar skörun í starfsemi samrunaaðila á sér stað. Að mati Samkeppniseftirlitsins leiðir engin þeirra til þeirrar niðurstöðu að líklegt megi telja að NBI verði í markaðsráðandi stöðu í kjölfar samrunans. Af þeirri ástæðu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að skilgreina markaðinn með nákvæmum hætti.

Fyrir liggur að Avant hefur hætt starfsemi í þeim skilningi að félagið býður ekki lengur upp á ný lán. Þá hafa nokkur félög starfað við veitingu bílalána, þar af að minnsta kosti tvö sem ekki eru undir yfiráðum viðskiptabanka. Með hliðsjón af framangreindu og að



teknu tilliti til aðstæðna á viðkomandi markaði að öðru leyti er að mati Samkeppniseftirlitsins ekki ástæða til þess að taka afstöðu til þess í máli þessu hvort sameiginleg markaðsráðandi staða NBI hf., Íslandsbanka hf., og Arion banka hf. sé fyrir hendi á viðskiptabankamarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2008, *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.*

#### **4. Niðurstaða**

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga.

### **III.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna yfirtöku NBI hf. á Avant hf.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson